



Reykjavík, 7. september 2016

Stjórn SAMFOK, samtaka foreldra grunnskólabarna í Reykjavík, skorar á borgaryfirvöld að forgangsraða í þágu barna og grípa nú þegar til aðgerða til að ekki komi til alvarlegrar skerðingar á þjónustu í grunnskólum borgarinnar en skólarnir hafa þegar búið við of þröngan kost of lengi. Áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna í Skóla- og frístundaráði Reykjavíkur hefur síðastliðið ár ítrekað lýst yfir áhyggjum sínum af því að frekari niðurskurður í skólakerfinu muni leiða til þess að skólar geti ekki uppfyllt lögboðnar skyldur sínar. Ályktanir skólastjórnenda og kennara nú renna stoðum undir þær áhyggjur.

SAMFOK vill minna á að Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa nýverið sammælt um að gera menntamál að sameiginlegu forgangsverkefni sínu til ársins 2020 eins og fram kemur í skýrslunni „Skólar og menntun í fremstu röð“. Útgjaldaaukning borgarinnar vegna skólamála hefur, eins og haft er eftir borgarstjóra, fyrst og fremst komið til vegna launahækkana og fjölgunar barna. Þrátt fyrir að í skólunum starfi ennþá fjöldi hæfs fagfólks sem heldur uppi starfinu við erfiðar aðstæður þá er ljóst að markmið þessa verkefnis munu ekki nást og skólakerfið verður ekki endurreist nema sett verði aukið fjármagn í innra starf.